

REGLUR

um breytingu (24) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 3. mgr. 54. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Verkfræðideild er með sama hætti heimilt að veita háskólagráðuna *Master of Project Management*, MPM, að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr.:

1. Við upptalningu 1. mgr. á kennslugreinum í læknadeild bætast:

Til B.S.-prófs í geislafræði.

Til B.S.-prófs í lífeindafræði.

2. Þriðja málsgrein breytist og verður svohljóðandi:

Læknadeild veitir kennslu í læknisfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði og lífeindafræði. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli læknisfræðiskorar, sjúkraþjálfunarskorar og geisla- og lífeindafræðiskorar, eftir ákvörðun deildarfundar. Hver skor fer í umboði deildarfundar með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor og gerir tillögur til deildarforseta um ráðningu stundakennara, svo og um nauðsynlegar fjárveitingar og ný störf, sbr. ákvæði II. kafla þessara reglna.

3. gr.

Aftan við 3. másl. 3. mgr. 88. gr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kennsla í geislafræði og í lífeindafræði miðast við að á þremur árum megi ljúka námi til B.S.-prófs, en að því loknu tekur við nám á meistarastigi sem leiðir til starfsréttinda, skv. nánari reglum þar að lútandi.

4. gr.

Fyrsti málslíður 2. mgr. 89. gr. breytist og verður svohljóðandi: Deildin gerir árlega, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur til háskólaráðs um takmörkun á fjölda stúdenta í læknisfræði, sjúkraþjálfun, geislafræði og lífeindafræði.

5. gr.

Fyrsta málsgrein 90. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Nám í læknisfræði til embættisprófs jafngildir 180 námseiningum, nám til B.S.-prófs í sjúkraþjálfun jafngildir 120 námseiningum, nám til B.S.-prófs í geislafræði jafngildir 90 námseiningum og nám til B.S.-prófs í lífeindafræði jafngildir 90 námseiningum. Sá sem lokið hefur embættisprófi í læknisfræði ber próftítilinn *candidatus medicinae* (cand. med.). Sá sem hefur lokið fullnaðarprófi í sjúkraþjálfun ber títilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í sjúkraþjálfun og sá sem lokið hefur 90 eininga námi í geislafræði eða lífeindafræði ber títilinn *baccalaureus scientiarum* (B.S.) í geislafræði/lífeindafræði, eftir því sem við á.

6. gr.

Aftan við 107. gr. reglnanna kemur ný grein, 107. gr. a., með heitið: **MPM-nám** og svohljóðandi ákvæði:

Deildinni er heimilt að veita prófgráðuna MPM að loknu 45 eininga endurmenntunarnámi á vegum deildarinnar, enda sé farið eftir ákvæðum 14. gr. reglna þessara.

Við inntöku í MPM-nám skal nemandi hafa lokið háskólagráðu, B.A.-, B.S.- eða B.Ed.-prófi eða samsvarandi, og að jafnaði hafa þriggja ára reynslu úr atvinnulífinu.

Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði, námsleiðir og námskröfur í samþykktum um námið, sem háskólaráð staðfestir.

7. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. júní 2005.

Páll Skúlason.

Tryggvi Þórhallsson.